

JOSÉ SARAMAGO

Þrjú ljóð¹

Yfirlýsing

Nei, dauðinn er ekki til.
Þessi steinn er ekki dauður
né heldur ávöxturinn sem féll.
Faðmlag fingra minna gæðir þá lífi,
þeir draga andann í straumi blóðs míns,
andardrættinum sem lék um þá.
Og dag einn, þegar þessi hönd visnar,
lífir hún áfram í minni annarrar handar
á sama hátt og varirnar varðveita í hljóði
snertingu varanna sem þær kysstu.

Declaração

Não, não há morte.
Nem esta pedra é morta,
Nem morto está o fruto que tombou:
Dá-lhes vida o abraço dos meus dedos,
Respiram na cadência do meu sangue,
Do bafo que os tocou.
Também um dia, quando esta mão secar,
Na memória doutra mão perdurará,
Como a boca guardará caladamente
O sabor das bocas que beijou.

1 Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi og ritar um höfund.

Stund

Ég geng eftir löngum vegi, í daufum ljóma
 hægfara dögunar: Sólin mætir
 á þennan fund sem boðað var til í þögn
 hverfandi nætur.

Vissan um sólina, dagrenningin,
 jarðneskur líkami minn berskjaldaður
 í þessari gullnu rós sem úr dauðanum
 kemur með lífið svo nálægt.

Hora

Vou no caminho esparso, à luz difusa
 Do longo amanhecer: o sol não falta
 Ao encontro marcado no silêncio
 Da noite que se afasta.

A certeza do sol, a madrugada,
 O meu corpo de terra, descoberto
 Nesta rosa doirada que da morte
 Traz a vida tão perto.

14. júní

Lokum þessum dyrum.
Hægt svo hægt, fækkum fötum
eins og guðir að fletta sig sjálfum sér,
og guðir erum við þótt við séum menn.
Ekkert var okkur gefið.
Mælum ekki orð, andvörpum aðeins
því tíminn horfir á okkur.
Einhver mun hafa skapað sólina á undan þér,
og tunglið og halastjörnuna, svartan geiminn,
óendanlegar stjörnurnar.
Saman, hvað gerum við nú? Veröldin verði
eins og skip í hafi eða brauð á bordum
eða gjálfrandi farvegur fljóts.
Tíminn er ekki farinn. Hann er hér og hann vill.
Skörp augun spyrja nú þegar
um fyrsta orðið sem við mælum:
Allt.

Catorze de junho

Cerremos esta porta.
Devagar, devagar, as roupas caíam
Como de si mesmos se despíam deuses,
E nós o somos, por tão humanos sermos.
É quanto nos foi dado: nada.
Não digamos palavras, suspiremos apenas
Porque o tempo nos olha.
Alguém terá criado antes de ti o sol,
E a lua, e o cometa, o negro espaço,
As estrelas infinitas.
Se juntos, que faremos? O mundo seja,
Como um barco no mar, ou pão na mesa,
Ou rumoroso leito.
Não se afastou o tempo. Assiste e quer.
É já pergunta o seu olhar agudo
À primeira palavra que dizemos:
Tudo.

Um José Saramago

José Saramago fæddist árið 1922 í Azinhaga, litlu þorpi fyrir norðan Lissabon. Foreldrar hans voru fátækir leiguliðar og höfðu ekki efni á að kosta hann til langskólanáms. Hann gekk í iðnskóla en fékk jafnframt tækifæri til að læra frönsku og bókmenntir í skólanum. Að öðru leyti var hann sjálfmenntaður, sótti bókasöfn á kvöldin eftir vinnu og var orðinn 18 ára þegar hann eignaðist sína fyrstu bók.

Saramago var kominn yfir fimmtugt þegar hann hóf að sinna ritstörfum fyrir alvöru. Fram að því hafði hann m.a. starfað sem lásasmiður, skrifstofumaður, prófarkalesari, blaðamaður og þýðandi. Hann varð aðstoðarritstjóri dagblaðsins *Diário de Notícias* árið 1974 en missti starfið í pólitískum hræringum ári síðar og ákvað þá að gerast rithöfundur. Hann gaf út þrjár ljóðabækur, dagbækur og fjölmargar skáldsögur. Hann var sömuleiðis virkur bloggari síðustu æviárin. Hann var alla tíð sannfærður kommúnisti og guðleysingi og verk hans féllu ekki alltaf í kramið hjá íhaldssömum stjórnvöldum og kaþólsku kirkjunni. Þegar skáldsaga hans *O Evangelho Segundo Jesus Cristo* (Guðspjall Jesú Krists) kom út árið 1991 neituðu yfirvöld að leggja hana fram til bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins en neyddust þó til að breyta þeirri ákvörðun vegna harðra viðbragða á alþjóðlegum vettvangi. Saramago flutti frá Portúgal og settist að á eyjunni Lanzarote í kjölfar þessa uppstands. Árið 1998 hlaut hann bókmenntaverðlaun Nóbels, fyrstur Portúgala. Síðasta skáldsaga Saramagos, *Cain* (Kain) kom út árið 2009 og olli hún einnig fjaðrafoki innan kaþólsku kirkjunnar. Saramago lést árið 2010 og var þá nýlega byrjaður á enn einni skáldsögu. Skáldsagan *Blinda* (*Ensaio sobre a cegueira*) kom út í íslenskri þýðingu árið 2000.²

2 José Saramago, *Blinda*, þýð. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2000.